FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Almenn líffræði
Námsgrein:	líffræði
Viðfangsefni:	almenn líffræði, flokkunarfræði, frumulíffræði
Skammstöfun:	LÍFF2FA05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í þessum áfanga er gerð grein fyrir hlutverki líffræðinnar og tengslum hennar við aðrar fræðigreinar. Fjallað er um helstu viðfangsefni líffræðinnar, farið yfir grunnhugtök og líffræðilega ferla og fjölbreytileiki lífvera kynntur. Skoðað verður samspil milli lífvera og umhverfis. Helstu efnisþættir eru: líffræði sem fræðigrein og undirflokkar hennar, helstu sameiginleg einkenni lífvera, efni og helstu efnaferlar í lífverum, bygging og starfsemi fruma, fjölbreytileiki og flokkun lífvera, grundvallaratriði vistfræðinnar og helstu kenningar um þróun. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist þekkingu og skilning á umhverfi sínu og því sem menn eiga sameiginlegt með öðrum lífverum.
Forkröfur:	INGA1NR05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • sérkennum líffræðinnar sem fræðigreinar og tengslum hennar við aðrar greinar • grundvallarhugtökum líffræðinnar • helstu einkennum lífvera • helstu fylkingum lífvera • grundvallaratriðum vistfræðinnar • helstu flokkum efna í lífverum • byggingu og starfsemi fruma • helstu kenningum um þróun • grundvallaratriðum erfða • efnaskiptum líkamans
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa líffræðilegar upplýsingar úr máli og myndum • skoða lífverur í náttúrunni og í smásjá • flokka lífverur og nota greiningarlykla • lesa í tengsl milli lífvera í umhverfinu
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • auka skilning sinn á fyrirbærum náttúru- og raunvísinda

	• leggja gróft mat á upplýsingar sem tengjast líffræðilegum viðfangsefnum í samfélaginu á gagnrýninn hátt • tengja undirstöðuþekkingu í líffræði við daglegt líf og umhverfi og sjá notagildi hennar • afla sér frekari þekkingar á líffræðilegum viðfangsefnum
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.